

**Minnisblað**

**Efni: Umsögn um framkomnar athugasemdir við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.**

**Til: Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis**  
**Frá: Starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins**

---

Með tölvupósti, dags. 13. apríl 2004, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir minnisblaði fjármálaráðuneytisins um helstu athugasemdir sem fram hafa komið í umsögnum við meðferð 307. mál, réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Sérstaklega er óskað eftir athugasemdum við umsagnir BSRB, ASÍ, BHM, SA og SI.

Tímans vegna mun ráðuneytið einskorða sig við umsagnir framangreindra aðila. Í því sambandi er rétt að taka fram að BSRB, BHM og KÍ skila sameiginlegri umsögn. Langflest þau stéttarfélög opinberra starfsmanna sem skiluðu umsögn til nefndarinnar vísa efnislega til umsagnar samtakanna.

**1.**

**Umsögn BHM, BSRB og KÍ**

„Um tilgang frumvarpsins“

Efnislega setja BHM, BSRB og KÍ sig á móti þeim tilgangi frumvarpsins að færa starfsumhverfi ríkisstarfsmanna, sem ráðnir eru með gagnkvæmum uppsagnarfresti, nær því sem gerist á almennum markaði. Þetta er hins vegar eitt þeirra meginmarkmiða sem býr að baki frumvarpinu. Rökin fyrir þessu koma einkum fram í því að skil milli verkefna ríkis og einkaaðila eru ekki eins skýr og áður þar sem einkaaðilar fást í auknum mæli við þjónustustarfsemi sem opinberir aðilar sinntu einir áður.

Með frumvarpinu er ennfremur stefnt að sveigjanleika í opinberum rekstri. Þannig að ríkið hafi möguleika og tækifæri á að hafa í þjónustu sinni þá starfsmenn sem henta hverju sinni. Er þetta ekki síst mikilvægt á þeim tímum þegar inntak og eðli starfa breytast samhliða örri tækniþróun og nýjum áherslum í starfsemi ríkisins. Í því sambandi þykir ekki við hæfi að forstöðumanni sé gert að áminna starfsmann vegna þess að hann hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, jafnvel þó svo að hann beri þar enga sök á.

Hafa verður í huga að grundvöllur starfssambandsins samkvæmt starfsmannalögum er sérstakur ráðningarsamningur sem forstöðumaður gerir við starfsmann. Ákvæði frumvarpsins telst því vera rökrétt framhald á þeirri stefnu að samræma réttindi og skyldur á almennum og opinberum vinnumarkað. Segja má að með frumvarpinu sé tekin upp sú skipan á ný sem almennt var talin gilda um ráðningarsamband opinberra starfsmanna í byrjun tíunda áratugarins og ekki verður séð að ágreiningur hafi verið um.

Að því er varðar samanburð við starfsmenn sveitarfélaga er rétt að undirstrika að skv. 57. gr. sveitarstjórnarlaganna er gert ráð fyrir því að um réttindi og skyldur annarra starfsmanna fari eftir ráðningar- og/eða kjarasamningum. Hér er því ekki um að ræða sambærilega skipan og vísað er til í umsögninni að eigi við um starfsmenn ríkisins. Í raun má segja að frumvarpið leiði ekki til ólíkrar niðurstöðu og gildir hjá sveitarfélögum en ekki er hægt að útiloka að í ráðningarsamningum og kjarasamningum verði fjallað nánar um réttindi og skyldur starfsmanna. Um slíkt er þó ekki hægt að fullyrða hér.

Um tilgang frumvarpsins vísast að öðru leyti til þess sem fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu og í skýringum við einstakar greinar þess.

### Breytingar á grundvallarréttindum ríkisstarfsmanna.

Þegar heildarsamtökin vísa til þess að verið sé að breyta grundvallarréttindum ríkisstarfsmanna gleymist það að áður fyrr var samband ríkisstarfsmanns og ríkisins byggt á sérstökum reglum sem miðuðu að því að halda uppi óháðu embættismannakerfi þar sem rík áhersla var lögð á sérstakar hollustu- og trúnaðarskyldur. Þegar verkefni ríkisins hafa breyst á þann hátt að einkaaðilar og sveitarfélög hafa í auknum mæli tekið við ýmsum þjónustuverkefnum og grundvöllur vinnusambands almennra ríkisstarfsmanna verður sérstakur ráðningarsamningur er ekki ástæða til þess að halda í slíka skipan. Leggja verður áherslu á að ástæður uppsagnar verða eftir sem áður að byggja á málefnalegum ástæðum. Þá þykir ekki við hæfi að binda það sérstaklega í lög hvenær og þá hvort ástæða sé til þess að veita starfsmanni áminningu. Áfram verður byggt á því að forstöðumanni verði slíkt heimilt.

Þeirri framsetningu að tengja réttarstöðu forstöðumanna við réttarstöðu almennra starfsmanna með þeim hætti sem gert er til umsögninni er algerlega hafnað.

### „Lágmarksréttindi samkvæmt stjórnarsýslulögum afnumin“

Ekki er hægt að fallast á þá framsetningu heildarsamtakanna að ríkisstarfsmenn sem slíkir skuli njóta sérstakrar verndar samkvæmt stjórnarsýslulögum. Ákvæði stjórnarsýslulaga gilda um réttarreglur sem lúta að meðferð opinbers valds og eiga þannig ekkert skylt með sérstökum réttindum ríkisstarfsmanna. Eins og áður segir hvílir vinnusambandið á sérstökum ráðningarsamningi og sjónarmið um réttaröryggi í stjórnarsýslunni eiga því illa við í slíku samhengi. Eðlilegra er að réttindi og skyldur í vinnusambandi ráðist af reglum vinnu- og vinnumarkaðsréttar.

### „Einhliða valdboð – en öðrum gert að semja“

Að mati ráðuneytisins er vandséð að sú tilvísun heildarsamtakanna til 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar eigi við í þessu máli. Ákvæði er svohljóðandi:

„Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu.“

Af ákvæðinu er ljóst að því fer víðs fjarri að með frumvarpinu sé verið að afnema rétt manna til þess að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. Ráðuneytið fær ekki séð að frumvarpið fari gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar.

## 2.

### Umsögn ASÍ

Umsögn ASÍ felur í sér almenna lýsingu á efni frumvarpsins. Þá er vakin athygli á réttarstöðu starfsmanna á almennum vinnumarkaði og vikið að því markmið ASÍ að allt launafólk skuli njóta þeirra lágmarksverndar sem felst í samþykkt ILO nr. 158.

Að því leyti sem umsögn ASÍ lýtur að tilgangi frumvarpsins vísast til þess sem hér hefur verið sagt og greinargerðar með frumvarpinu. Að öðru leyti felur umsögn ASÍ ekki í sér efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Að því er snertir fullgildingu á tilvitnaðri samþykkt ILO vill ráðuneytið taka fram að þar gildir sú grundvallarskipan, sem felst í aðild að stofnunni, að það er í verkahring aðila vinnumarkaðarins í hverju landi, að fjalla um slíkt. Að mati ráðuneytisins fellur umræða um þetta atriði fyrir utan mál það sem hér er til umfjöllunar.

### 3.

#### **Umsögn Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins**

Ljóst er af umsögnum SA og SI að tekið er undir þau meginsjónarmið sem ákvæði frumvarpsins byggja á. Þannig endurspeglast í umsögnunum þau sjónarmið að samræma beri réttindi og skyldur á vinnumarkaði en það er einn megintilgangur frumvarpsins eins og áður segir.